



Velferðar- og mannréttindaráð Kópavogs
Björg Baldursdóttir, formaður

Kópavogi, 23. janúar 2025
24111895/005.05 SpS

Efni: Fyrirspurn velferðarráðs – svar mannauðsstjóra

Velferðarráð - 140 (25.11.2024) - Fyrirspurn varðandi atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu hjá stofnunum bæjarins

Málsnúmer : 24111895

Björg Baldursdóttir formaður velferðarráðs leggur fram eftirfarandi fyrirspurn:

Er hafin vinna að áætlun eða stefnu um atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu hjá stofnunum bæjarins? Ef svo er þá óskar undirrituð eftir að fá kynningu á því inn í velferðarráð. Ef ekki - hvenær er það áætlað?

Niðurstaða: Velferðarráð vísar fyrirspurn til sviðsstjóra velferðarsviðs til úrvinnslu.
Sviðsstjóri velferðarsviðs gerir fyrirspurn til mannauðsstjóra - desember 2024

Svar mannauðsstjóra 22.01 janúar 2025:

Kópavogsbær hefur ráðið einstaklinga með skerta starfsgetu í gegnum tíðina. Ráðningar fara fram á starfsstöðvum og í einhverjum tilvikum er sótt um atvinnutengda styrki til vinnumálastofnunar. Í þeim tilvikum eru sótt um styrkgreiðslur í gegnum innheimtudeild Kópavogsbæjar. Í öðrum tilvikum sjá stjórnendur á starfsstöðum um ráðningar einstaklinga með skerta starfsgetu.

Þann 15. 12. 2004 hafði Kópavogsbær sótt um styrk á grundvelli vinnusamninga öryrkja fyrir 11 einstaklinga fyrir árið 2024, sótt hafði verið um annars konar styrki fyrir 4 aðra einstaklinga. Þess utan hefur Kópavogsbær ráðið til sín einstaklinga í gegnum starfsendurhæfingu VIRK sem fara á ráðningarsamning, án styrks.

Það er ekki stefnumiðað né mjög skýrt utanumhald hvað varðar ráðningar starfsfólks með skerta starfsgetu. Í aðgerðaráætlun stjórnsýslusviðs fyrir árið 2025 hefur mannauðsdeild hins vegar sett fram sem eftirfarandi verkefni:

„Mótun viðmiðs og verklags hvað varðar atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu hjá starfsstöðvum Kópavogsbæjar“ . Verklagið yrði innleitt á starfsstöðvum Kópavogsbæjar.



Á árinu 2024 hóf Vinnumálastofnun verkefni sem snýr að uppbyggingu færnináms fyrir fatlað fólk, verkefnið er unnið í samstarfi við atvinnurekendur um allt land. Kópavogsbær hyggur á þátttöku í verkefninu sem lið í ofangreindri aðgerð mannauðsdeildar

Virðingarfyllt,

Sigríður Þrúður Stefánsdóttir
Mannauðsstjóri